

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði fimmtudaginn 5. apríl. 2016, kl. 17:30. Fundur, nr. 760

Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Elvar, Sigurður, Sigrún, Þorgerður og Þorsteinn. Forföll boðaði, Guðrún Sigurðardóttir

1. Formaður setti fund kl:17:30.
2. Fundargerð síðasta fundar, samþykkt með áorðnum breytingum.
3. Innsend bréf.
 - a. Bréf dagsett 14. mars frá UMFÍ: Auglýsing varðandi umsóknarfrest í Umhverfissjóð UMFÍ, 15. apríl. Lagt fram til kynningar.
 - b. Bréf dagsett 16. mars frá FRÍ: Varðandi 60. Ársþing Frjálsíþróttasambands Íslands. Lagt fram til kynningar.
 - c. Bréf dagsett 18. mars, frá UMFÍ: Ályktun ungmennaráðsstefnu UMFÍ „Ungt fólk og lýðræði 2016“. Lagt fram til kynningar.
4. Ársþingið.
 - a. Þinggerðin lögð fyrir stjórn og samþykkt..
 - b. Styrkur frá Hörgársveit.
 - i) UMSE fékk 50.000 kr. styrk frá Hörgárbyggð vegna ársþingsins.Samkvæmt reglugerð varðandi úthlutun lottótækna til aðildarféлага skal hvert aðildarfélag eiga ákveðinn fjölda fulltrúa áársþingi UMSE. Umf. Svarfdæla mætti ekki með tilskilinn fjölda fulltrúa á ársþingið.
5. UMSE gallinn.
 - a. Nú hefur komið í ljós að sá galli sem stjórn UMSE var búin að samþykkja fyrir sambandið fæst ekki með kvennasniði. Samþykkt að framkvæmdastjóri hafi samband við verslunina Topp men og sport. Lögð er áhersla á að finna galla sem hentar báðum kynjum.
6. Hreyfivikan 2016.
 - a. Þátttaka UMSE.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að UMSE mun að standa fyrir kynningafundum í skólum og sveitarfélögum á svæðinu. Þorsteinn og Sabína S. Halldórsdóttir landsfulltrúi UMFÍ sjá um kynninguna þann 12. apríl sem hér segir.

 - i) Þelamörk 9:30-10:10
 - ii) Dalvík sveitarfélagið 11:00 -12:00.
 - iii) Dalvík opinn fundur 12:30 – 13:00.
 - iv) Eyjafjarðarsveit 14:30 - 15:20.
 - v) Svalbarðsstrandarhreppur 16:00 -16:30.
7. Nefndir á vegum UMSE
 - a. Knattspyrnunefnd.
 - b. Borðtennisnefnd.
 - c. Unglingalandsmótsnefnd.
 - d. Frjálsíþróttanefnd.
 - e. Bandmintonnefnd.
 - f. Fræðslu - og forvarnarnefnd.

g. Hestaíþróttanefnd.

h. Blaknefnd.

Nefndarstarfið innan aðildarfélaga rætt. Samþykkt að Þorsteinn hafi samband við formenn aðildarfélaga með það að markmiði að manna nefndir innan sambandsins.

8. Aðgerðaráætlun stefnu.

a) Rætt um stefnu UMSE varðandi framtíðarsýn sambandsins. Samþykkt að stjórnin vinni áfram að því að móta stefnu sambandsins.

9. Önnur mál.

a) Þorgerður vék af fundi. Þorsteinn sagði frá því að beiðni hafi borist frá Guðmundi Smára Daníelssyni um niðurgreiðslu vegna þátttöku hans á æfingum með Úrvalshópi FRÍ. UMSE hefur þegar mótað sér ákveðnar starfsreglur varðandi styrkveitingu til iðkenda Stjórnin samþykkir að benda Guðmundi á að sækja um styrk í ferðasjóð UMSE.

b) Ársáætlun stjórnar UMFÍ lagt fram til kynningar.

c) Blómasala UMSE. Þorsteinn sagði að blómasalan yrði með svipuðu sniði og undanfarin ár. Blómin verða keypt af Húsasmiðjuna á Dalvík, eftirtalin aðildarfélög munu bjóða blóm til sölu.

i) Umf. Samherjar.

ii) Umf. Smárinn.

iii) Umf. Æskan.

iv) Umf. Svarfdæla, fimleikadeildin.

v) Umf. Þorsteinn Svörfuður.

d) Heiðursviðurkenningar.

Þar sem ekki náðist að afhenda öllum félögum UMSE heiðursviðurkenningu á ársþinginu Samþykkti stjórnin að veita einstaklingum heiðursviðurkenningar á viðburðum sem eru á dagskrá aðildarfélaga á næstu vikum.

10. Næstu fundur ákveðinn þriðjdaginn 3.mai kl 18:30. Sigrún kemur með veitingar.

11. Fundi slitið kl 18:37.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
